

Skíðasamband Íslands
Skíðaping 24.-25. maí 2013



Akureyri

Efnisyfirlit

Table of Contents

1. Þingsetning.....	4
2. Embættismenn og starfsnefndir þingsins kosnar	4
3. Ávörp gesta.....	5
4. Skýrsla stjórnar og nefnda.....	5
5. Reikningar SKÍ framlagðir	6
6. Umræður um skýrslur stjórnar og reikninga.....	6
7. Álit kjörbréfanefndar.....	6
9. Reikningar bornir undir atkvæði.....	6
10. Fjárhagsáætlun lögð fram.....	6
11. Mælt fyrir tillögum og þeim vísað til nefnda.....	6
12. Þinginu skipt upp í nefndir / málstofur kynntar.....	7
13. Tillögur og ályktanir afgreiddar	7
14. Úthlutun móta og annarra verkefna	8
15. Kosningar	8
16. Önnur mál.....	9
17. Þingslit.....	10

Föstudagur 24. maí 2013

1. Þingsetning

Páll Grétarsson, formaður SKÍ, setti þingið og bauð alla velkomna. Þakkaði Akureyningum fyrir gott samstarf en Akureyrarbær hefur komið með óbeinum hætti að rekstri sambandsins. Hreggviður Jónsson lést á sumardaginn fyrsta og bað Páll fundargesti að rísa ur sæti og votta honum þannig virðingu. Páll gerði grein fyri því að hann væri nú að hætta í stjórn SKÍ eftir 20 ára aðkomu að stjórnnum og nefndum SKÍ. Einar Þór Bjarnason hefur gefið kost á sér í stöðu formanns og fagnar Páll því.

Þingsetning var föstudaginn 24. maí kl. 16:30 og áætluð þinglok eru laugardaginn 25. maí kl 16:30.

2. Embættismenn og starfsnefndir þingsins kosnar

Kosnir / tilnefndir voru sem embættismenn þingsins:

Þingforseti nr. 1 var kosinn Baldur Dýrfjörð

Þingforseti nr. 2 var kosinn Páll Grétarsson

Þingritari nr. 1 var kosin Margrét Halldórsdóttir

Þingritari nr. 2 Þórunn Sif Harðardóttir

Þingforseti, Baldur Dýrfjörð, þakkaði fundarmönnum traustið og gekk beint til dagskrár.

Þingforseti staðfesti að löglega væri til þingsins boðað.

Kosið í starfsnefndir – kjörbréfanefnd og kjörnefnd.

Tilnefnd í kjörnefnd voru þau Erlingur Guðmundsson, Jón Einar Marteinsson og Davíð Björnsson.

Tilnefning samþykkt með lófaklappi.

Tilnefndir í kjörbréfanefnd voru þeir Þóroddur Þóroddsson, Birkir Bragason og Eyþór Ólafur Bergmannsson.

Tilnefning samþykkt með lófaklappi.

3. Ávörp gesta

Halla Björg Reynisdóttir, formaður bæjarráðs Akureyrarbæjar, bauð fólk velkomið til Akureyrar. Halla Björg sagði frá breytingum sem verða í Hlíðafjalli á næstunni en á dagskrá er að byggja stólalyftu á Strompsvæðinu.

Viðar Sigurjónsson, fulltrúi ÍSÍ, bar góðar kveðjur frá forseta og stjórn ÍSÍ. Hann gerði grein fyrir breytingum á sínu starfi. Þá sagði hann frá því að ÍSÍ þing sé nýliðið, minnti á skýrsluskil og ýmsi verkefni sem eru á dagskrá hjá ÍSÍ.

Páll Grétarsson, formaður SKÍ, óskaði eftir því að fá að veita heiðursviðurkenningar undir þessum lið þar sem ekki er gert ráð fyrir þeim annarstaðar í lögum sambandsins.

Einar Þór Bjarnason var heiðraður með gullmerki SKÍ fyrir vinnu sína í þágu skíðaíþróttarinnar en hann hlaut á dögumum réttindi alþjóðlegs dómara.

Þórir Jónsson heiðraður með Heiðurskross SKÍ. Árið 1940 byrjaði Þórir að æfa með skíðadeild KR þá 13 ára. Hann keppti fyrir KR 1943-1951, árið 1946 varð Þórir Reykjavíkumeistari bæði í svigi og bruni þá 19 ára. Þórir fór á Ólympíuleikana í St. Moritz 1948, en það voru fyrstu vetrarólympíuleikarnir sem Íslendingar tóku þátt í. Þórir keppti í tvígang fyrir Íslandshönd í Hollmekollen árið 1950 og 51.

Árið 1951 voru sænskir þjálfara fengnir til að sjá um skíðamót í Vífilfelli, og vann Þórir þá Kollvíðarhólsbikarinn bæði samanlögðu svigi og bruni, þetta var síðasta mótið sem Þórir tók þátt í. Í starfi sínu fyrir skíðahreyfinguna hefur Þórir komið mikið að uppbyggingu á skíðamannvirkjum t.d. kom

Þórir upp fyrstu skíðalyftu landsins árið 1949 í Hverdölum sem var svo aftur endurbyggð árið 1950. Árið 1960 kom hann ásamt fleiri KR-ingum upp Dobelmyer lyftu við skíðaskála KR. Hann kom svo að uppkomu þriggja lyftan til viðbótar á tímabilinu 1973-1984. Allar þessar lyftur voru reistar í sjálfboðavinnu af KR-ingum.

Þórir var formaður Skíðadeildar KR 1949 til 1953

Hann hóf störf fyrir SKÍ árið 1958 og var svo formaður SKÍ 1970 til 1973.

Árið 1984 fékk Olympíunefndin hann til að standa fyrir fjáröflun vegna þátttöku Íslendinga í Olympíuleikum. Hann stóð fyrir Olympíuhappdrætti sem fyllti fjárlustur Olympíunefndarinnar svo í framhaldi af því var stofnaður Olympíusjóðurinn.

Enn þann dag í dag er Þórir ötull áhugamaður um málefni skíðaíþróttarinnar hann hefur t.d. verið einn af aðal hvatamönnum að koma upp snjóframleiðslu í Skálafelli aukinni uppbyggingu á skíðasvæðum Reykvíkinga.

Þórir þakkaði fyrir sig.

4. Skýrsla stjórnar og nefnda

Formaður sambandsins, *Páll Grétarsson*, fór yfir skýrslu stjórnar. Þingfulltrúar hafa skýrsluna hjá sér.

5. Reikningar SKÍ framlagðir

Óskar Garðarsson, gjaldkeri, talar fyrir reikningum. Allir þingfulltrúar hafa reikningana fyrir framan sig til hliðsjónar.

6. Umræður um skýrslur stjórnar og reikninga

Þingforseti bauð þingfulltrúum að tjá sig um skýrslu stjórnar og reikninga. Enginn óskaði eftir því.

7. Álit kjörbréfanefndar

Þóroddur kynnti niðurstöður kjörbréfanefndar. 10 héruð eiga rétt á setu á þinginu 33 fulltrúar eru mættir frá 9 héruðum.

8. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga

Til máls tók: Anna Laufey Sigurðardóttir, Birgir Gunnarsson og Páll Grétarsson.

9. Reikningar bornir undir atkvæði

Þingforseti bar reikninga sambandsins undir atkvæði og voru þeir samþykktir samhljóða.

10. Fjárhagsáætlun lögð fram

Fjárhagsáætlun fyrir starfsárið 2013-2014 var kynnt af Óskari Garðarssyni, en allir þingfulltrúar höfðu hana fyrir framan sig.

11. Mælt fyrir tillögum og þeim vísað til nefnda

Þingskjal nr. 1 – Fjárhagsáætlun. Vísað í allar nefndir.

Þingskjal nr. 2 – Tillaga Laga og reglugerðarnefnd Skíðasambands Íslands leggur til að ný lög Skíðasamband Íslands verði samþykkt og jafnframt verði eldir lög SKÍ feld úr gildi. Vísað til útbreiðslu- og fjárhagsnefndar. Ögmundur Knútsson mælti fyrir tillögunni.

Þingskjal nr. 3 – Breytingartillaga SKA á 16 lið 10 gr. laga SKI. Vísað til útbreiðslu- og fjárhagsnefndar.

Þingskjal nr 4 – Tillaga laga og reglugerðarnefnd SKÍ er varða breytingu á reglugerð um Andrésar Andar leikana, Akureyri. Vísað til alpa-, göngu- og snjóbrettanefndar. Erlingur Guðmundsson mælti fyrir tillögunni.

Þingskjal nr. 5 – Tillaga frá SKA að breytingu á Reglugerð um Andrésar Andar leikana, Akureyri. Vísað til allra nefnda.

Þingskjal nr. 6 - Tillaga laga og reglugerðarnefnd SKÍ sem leggur til samþykkt verð ný reglugerð um keppnishald SKI. Vísað til alpa-, göngu- og brettanefndar.

Þingskjal nr. 7 – Tillaga laga og reglugerðarnefnd SKÍ sem leggur til að gerðar verði breytingar á Reglugerð um bikarkeppni SKÍ í alpagreinum. Vísað til alpagreinaneftnda, skíðagöngunefndar og útbreiðslu- og fjárhagsnefndar.

Þingskjal nr. 8 – Tillaga SKRR um breytingu á reglugerð um bikarkeppni SKÍ í alpagreinum. Vísað til alpagreinaneftndar. Árni Rúðólfsson mælti fyrir tillögunni.

Þingskjal nr. 9 – Tillaga frá laga- og reglugerðarnefnd SKÍ um að gerðar verði eftirfarandi breytingar á Reglugerð um skíðamót Íslands. Vísað til alpa- og skíðagöngunefndar.

Þingskjal nr. 10 – Tillaga frá laga- og reglugerðarnefnd SKÍ sem leggur til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á Reglugerð um Unglingameistaramót Íslands. Vísað til alpa- og skíðagöngunefndar.

Þingskjal nr. 11 – Tillaga frá laga- og reglugerðarnefnd SKÍ sem leggur til að samþykkt verði ný reglugerð um Bikarkeppni SKÍ í skíðagöngu jafnframt verði feld úr gildi eldri reglugerð um Keppnisreglur fyrir skíðagöngu. Vísað til kíðagöngunefndar

Þingskjal nr. 12 – Tillaga Skíðagöngunefndar SKÍ um breytingar á reglugerð um Íslandsgönguna. Vísað til skíðagöngunefndar.

Þingskjal nr. 13 – Tillaga SFÍ Lagt er til að almenningsgöngur verði ekki lengur hluti af gjaldskrá SKÍ. Vísað til útbreiðslu- og fjárhagsnefndar.

Þingskjal nr. 14 – Tillaga Laga- og reglugerðarnefndar SKÍ sem leggur til að staðfestar verði aldursflokkaskiptingu FIS. Vísað til alpa-, göngu- og brettanefndar.

12. Þinginu skipt upp í nefndir / málstofur kynntar

Á þinginu verða fjórar nefndir, Alpagreinanefnd, Skíðagöngunefnd og Útbreiðslu- og fjárhagsnefnd.

Alpagreinanefnd: Ögmundur Knútsson og Gunnar Reynisson/Sveinn Torfason er ritari.

Skíðagöngunefnd: Birgir Gunnarsson stjórnar Kristján Hauksson.

Brettanefnd: Jóhann Borgþórsson og ritari Kristján Hauksson Fjárhags- og útbreiðslunefnd: Árni Rúdólf Rúdólfsson og Margrét Halldórsdóttir ritari.

Starf nefndanna hófst kl. 9:30 laugardaginn 25. maí. Þar ræddu nefndir þau þingskjöl sem vísað var til þeirra.

Laugardagur 12. maí 2012

13. Tillögur og ályktanir afgreiddar

Nefndirnar kynntu umræður sínar og afgreiðslu tillagna.

Þingskjal 1. Samþykkt með breytingum.

Til máls tók: Árni Rúdólfsson

Þingskjal 2. Samþykkt með breytingatillögun útbreiðslu- og fjárhagsnefnd (31).

Til máls tóku Dagbjartur Halldórsson, Árni Rúdólfsson, Egill Ing Jónsson, Erlingur Guðmundsson, Jóhann Borgþórsson, Helgi Geirharðsson,

Þingskjal 3. Vísað frá.

Þingskjal 4. Samþykkt með breytingatillögum alpagreinanefndar (þingskjal 4 og 5).

Til máls tóku: Ögmundur Knútsson, Kristján Hauksson, Jóhann Borgþórsson og Dagbjartur Halldórsson.

Pingskjal 5. Breyting á 6. Í þingskjalinu fellt

Til máls tóku: Árni Rúdólfsson, Jóhann Borgþórsson, Ögmundur Knútsson, Páll Grétarsson, Erlingur Guðmundsson, Kristján Hauksson.

Pingskjal 6. Samþykkt með breytingatillögum bretta-, alpagreina- og skíðagöngunefndar

Til máls tóku: Jóhann Borgþórsson, Ögmundur Knútsson, Kristján Haraldsson, Árni Rúdólfsson og Friðbjörn Benediktsson.

Pingskjal 7. og þingskjal 8. Samþykkt með breytingartillögu alpagreinaneftdar.

Til máls tóku: Ögmundur Knútsson, Árni Rúdólfsson og Björgvin Hjörleifsson.

Pingskjal 9. Samþykkt með breytingartillögum alpa- og skíðagöngunefndar.

Til máls tóku: Ögmundur Knútsson og Kristján Haraldsson

Pingskjal 10. Samþykkt með breytingatillögu alpagreinaneftdar.

Til máls tók: Ögmundur Knútsson

Pingskjal 11. Samþykkt með breytingatillögu skíðagöngunefndar.

Til máls tók: Kristján Haraldsson

Pingskjal 12. Samþykkt með breytingartillögu skíðagöngunefndar.

Til máls tók: Kristján Haraldsson

Pingskjal 13. Fellt

Til máls tók: Árni Rúdólfsson og Þóroddur Þóroddsson

Pingskjal 14. Samþykkt.

Til máls tók: Árni Rúdólfsson

14. Úthlutun móta og annarra verkefna.

Ákveðið hefur verið að UMÍ 2014 fari fram á Dalvík og SMÍ 2014 á Akureyri.

15. Kosningar

Formaður kosinn til tveggja ára, lagt til að *Einar Þór Bjarnason* taki stöðu formanns. Tillagan var samþykkt með lófaklappi.

Einar Þór Bjarnason þakkaði fyrir traustið. Sagði frá sér og talaði um verkefni komandi stjórnar.

Áfram eru í stjórn: *Birgir Gunanrsson, Egill Ingi Jónsson og Friðbjörn Benediktsson.*

Kosið um þrjá í stjórn til tveggja ára. Í framboði eru: *Smári Þorvaldsson, Margrét Halldórsdóttir, Auðunn Kristinnsson og Friðbjörn Benediktsson.*

Niðurstaða: Ögmundur Knútsson, Margrét Halldórsdóttir og Smári Þorvaldsson

Kosið um þrjá í varastjórn til tveggja ára. Í framboði *Eðvald Garðarsson, Dagbjartur Halldórsson og Anna Laufey Sigurðardóttir.*

Niðurstaða: Dagbjartur Halldórsson, Eðvald Garðarsson og Anna Laufey Sigurðardóttir.

Í alpagreinaneftu voru í framboði: *Sveinn Torfason, Gunnar Reynisson, Arnór Gunnarsson, Guðjón Marteinson og Sindri Már Pálsson*. Niðurstaða: *Sveinn Torfason, Gunnar Reynisson, Arnór Gunnarsson og Guðjón Marteinson*

Í snjóþrettaneftu voru í framboði: *Kristján Kristjánsson, Hákon Viðarsson, Leifur Sigurðsson og Jóhann Óskar Borgþórsson*. Samþykkt með lófaklappi.

Í skíðagönguneftu voru í framboði: *Kristján Hauksson, Ólafur Björnsson, Hólmfríður Vala Svavarsdóttir og Kristbjörn Sigurjónsson*. Samþykkt með lófaklappi.

Í útbreiðslu-, fræðslu- og söguneftu voru í framboði: *Hólmfríður Vala Svavarsdóttir, Benedikt Hermannsson og Jón Viðar Þorvaldsson*. Samþykkt með lófaklappi.

Í fjárhagsneftu voru í framboði: *Arnar Þórsson, Halldór og Jóhann K. Torfason*. Samþykkt með lófaklappi.

Í móta- aganeftu voru í framboði: Benedikt Hermannsson, Hannes Bjarnason, Kári Jóhannesson og Dan Brynjarsson
Niðurstaða: Benedikt Hermannsson, Kári Jóhannesson og Dan Brynjarsson

Í laga- og reglugerðarneftu voru í framboði: *Auður Sigurjónsdóttir, Ástvaldur Kristinson og Árni Ríuólfsson*. Samþykkt með lófaklappi.

Skóðunarmenn reikninga voru kosnir sem aðalmenn: *Björk Guðmundsdóttir og Guðmundur B. Guðmundsson*. Til vara: *Axel Alfreðsson og Auður Björg Sigurjónsdóttir*. Samþykkt með lófaklappi.

16. Önnur mál

Margrét Halldórsdóttir og sagði frá vinnu Jóns Ásgeirs og bað þingfulltrúa að huga vel að gagnasafni sinna félaga. Hægt er að senda gögn til Jóns Ásgeirs.

Ögmundur Knútsson lagði fram eftirfarandi tillögu í nafni alpagreinaneftu skíðapings 2013: „*Að stjórn SKÍ setji á laggirnar starfshóp á breiðum grundvelli skíðahreyfingarinnar. Sem fari yfir áhyggjur á hagræðingu úrslita móta með einum eða öðrum hætti.*” Tillagan samþykkt.

Þóroddur Þóroddsson fjallaði um gjaldtöku á skíðamótum.

Dagbjartur Halldórsson, fagnaði því að kosið var í stjórn og nefndir en ekki að uppstilling hafi verið samþykkt.

Fjalar Úlfarsson, óskaði Einari til hamingju og þakkaði Páli fyrir samstarfið. Kynnti reglur um skíðabúnað.

Sigurður Erlingsson, óskaði Einari til hamingju og þakkaði Páli fyrir hans störf. Þá þakkaði hann fyrir gott skíðaping.

17. Þingslit

Einar Þór Bjarnason: Þakkaði fyrir gott þing og sagðist hlakka til að vinna með skíðahreyfingunni á næstu misserum. Þá þakkaði hann Páli fyrir vel unnin störf í gegnum tíðina.

Skíðaðingi 2013 er slitið.

ÞINGSKJAL nr. 2

Laga og reglugerðarnefnd Skíðasambands Íslands leggur til að ný lög
Skíðasamband Íslands verði samþykkt
og jafnframt verði eldir lög SKÍ feld úr gildi.

Ný lög Skíðasamband Íslands

I. ALMENN ÁKVÆÐI OG HLUTVERK

1. grein - Heiti og staðsetning

- a. Skíðasamband Íslands, SKÍ, er samband héraðssambanda og íþróttabandalaga þeirra íþróttafélaga sem iðka, æfa og keppa í skíðaíþróttinni.
- b. Aðsetur og varnarþing SKÍ er á Akureyri.
- c. Merki SKÍ er með nafni Skíðasambands Íslands með rauðu letri og skammstöfun þess, SKÍ, í íslensku fánalitunum á hvítum fleti.

2. grein - Hlutverk og tilgangur

- a. Skíðasamband Íslands, SKÍ, hefur æðsta vald um sérgreinamálefni skíðaíþróttarinnar innan Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, ÍSÍ.
- b. Tilgangur SKÍ er að hafa yfirstjórn á málefnum skíðaíþróttarinnar á Íslandi og vinna að eflingu hennar, með því að:
 - 2.b.1. Koma fram fyrir hönd ÍSÍ á sviði skíðaíþróttarinnar.
 - 2.b.2. Stuðla að auknum skilningi á málefnum sambandsins.
 - 2.b.3. Stuðla að góðri samvinnu aðildarfélaga.
 - 2.b.4. Löggilda skíðadómara.
 - 2.b.5. Ráðstafa skíðamótum til aðildarfélaga.
 - 2.b.6. Leggja fram erindisbréf til fastanefnda.
 - 2.b.7. Gefa út reglur um keppnir, hafa yfirumsjón með framkvæmd þeirra og sjá um útgáfu keppnisleyfa.
 - 2.b.8. Standa að kynningar- og útbreiðslumálum.
 - 2.b.9. Leitast við að jafna ágreining er upp kann að koma á milli aðildarfélaga. Sambandið skal þó ekki hafa þar úrskurðarvald nema að ósk beggja aðila.
 - 2.b.10. Fara með aðild Íslands að FIS, sem og að öðru alþjóðlegu samstarfi.

3. **grein - Málefnum SKÍ er stjórnað af**
 - a. Skíðapíngi.
 - b. Stjórn SKÍ.
4. **grein - Reikningsár SKÍ er almanaksárið. Skoðaðir reikningar skulu liggja fyrir fyrsta maí ár hvert.**

II. SKÍÐAÞING

5. **grein - Skíðapíng skal halda í maí annað hvert ár.** Boða skal til þess með auglýsingu og/eða tilkynningu með minnst eins mánaðar fyrirvara. Fundarboð skal senda aðildarfélögum SKÍ. Málefni sem taka á fyrir á þínginu skulu berast stjórn SKÍ í síðasta lagi þremur vikum fyrir þíngið. Eigi síðar en tveimur vikum fyrir þíngið skal senda aðildarfélögum skriflegt fundarboð; síðara fundarboð, með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir þíngið. Þíngið getur þó tekið fyrir mál borin upp með skemmri fyrirvara að fengnu samþykki $\frac{2}{3}$ hluta þíngfulltrúa. Allar laga- og reglugerðarbreytingar skulu berast stjórn SKÍ fyrir 1. apríl á þíngári til að geta hlotið umfjöllun á skíðapíngi.
6. **grein - Skíðapíng hefur æðsta vald um málefni SKÍ.** ÍSÍ skal staðfesta samþykktir þess um sérgreinamálefni, enda brjóti þær ekki í bága við lög ÍSÍ og FIS. Hvert aðildarfélag sem er aðili að SKÍ á rétt á einum fulltrúa. Auk hans eiga rétt á þíngsetu, fulltrúar í samræmi við samanlagðan fjölda skráðra keppenda á Skíðamóti Íslands, Unglingameistaramóti Íslands og á Andrésar andar leikum. Hver keppandi telst aðeins einu sinni, þannig að fyrir:

Keppendur	Fulltrúar
Óháð keppendafjöldi	1
1 - 30	2
31 - 70	3
71 - 120	4
121 - 180	5
181 - 250	6
251 og fleiri	7

Ef fjöldi íþróttafélaga sem stunda skíðaíþróttina innan vébanda aðildarfélagsins er fleiri en fjöldi þíngfulltrúa skal aðildarfélag fá viðbótar fulltrúa þannig að öll íþróttafélög eigi fulltrúa á þínginu.

Aðildarfélög skulu vera skuldlaus við SKÍ þegar þíngið hefst til að halda atkvæðisrétti. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum. Lagabreytingatillögur þarf þó að samþykkja með $\frac{2}{3}$ greiddra atkvæða til að lög öðlist gildi.

Allir fulltrúar skulu tilgreindir á kjörbréfi frá viðkomandi aðildarfélagi og skal skila inn kjörbréfum við upphaf þínghalds. Hver fulltrúi fer með eitt atkvæði en getur þó auk þess farið með annað atkvæði samkvæmt skriflegu umboði kjörins fulltrúa sama félags. Aðeins sá sem er félagi aðildarfélags er kjörgengur fulltrúi þess á skíðapíngi. Skíðapíng er lögmeitt ef löglega hefur verið til þess boðað.

7. **grein - Á skíðaþingi hafa einungis kjörnir fulltrúar aðildarfélaga atkvæðisrétt**

Auk þeirra eiga rétt til þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt:

- a. Stjórn og varastjórn
- b. Skoðunarmenn reikninga
- c. Fulltrúi framkvæmdastjórnar ÍSÍ
- d. Meðlimir fastanefnda SKÍ
- e. Fulltrúi ráðuneytis um íþróttamál
- f. Fulltrúi héraðssambands/íþróttabandalags sem hefur skíðaíþróttina innan sinna vébanda
- g. Auk þess getur stjórnin boðið öðrum til þingsetu ef hún telur ástæðu til

8. **grein - Störf skíðaþings eru**

1. Þingsetning
2. Kosning fyrsta og annars þingforseta
3. Kosning fyrsta og annars þingritara
4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar og þriggja manna kjörnefndar
5. Viðurkenningar veittar
6. Ávörp gesta
7. Framlagning skýrslu fráfarandi stjórnar
8. Framlagning skoðaðra reikninga
9. Álit kjörbréfanefndar
10. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga
11. Afgreiðsla reikninga
12. Framlagning fjárhagsáætlunar og gjaldskrár til næstu tveggja ára
13. Lagðar fram tillögur að:
 - a. Breytingum á lögum og reglugerðum
 - b. Öðrum málum kynntum í fundarboði
 - c. Öðrum málum sem lögð hafa verið fyrir þingið með leyfi þingmeirihluta
14. Þinginu skipt í fjórar nefndir:
 - a. Alpagreinanefnd
 - b. Skíðagöngunefnd
 - c. Snjóbrettanefnd
 - d. Alsherjarnefnd
15. Álit nefnda og afgreiðsla framkominna tillagna
16. Kosningar samkvæmt tillögu kjörnefndar:
 - a. Kosning stjórnar og varamanna samkvæmt 10. gr.
 - b. Kosning skoðunarmanna reikninga, tveir aðalmenn og tveir varamenn
 - c. Kosning fjögurra manna í fastanefndir til tveggja ára og einn tilnefndur af stjórn
 1. Alpagreinanefnd
 2. Skíðagöngunefnd
 - Snjóbrettanefnd
 - d. Kosning þriggja manna í fastanefndir til tveggja ára og einn tilnefndur af stjórn
 - 3.
 4. Útbreiðslu-, fræðslu- og sögunefnd
 5. Móta- og aganefnd
 6. Fjárhagsnefnd

7. Laga- og reglugerðarnefnd

17. Skíðamóti Íslands og Unglingameistaramóti Íslands ráðstafað til næstu tveggja ára.
 18. Kosning fulltrúa á næsta reglulega þing ÍSÍ í samræmi við lög ÍSÍ.
 19. Önnur mál.
 20. Þingslit.
9. **grein** - Aukaping má halda telji stjórn það nauðsynlegt, eða ef helmingur aðildarféлага óska þess. Allur boðunar- og tilkynningafrestur til aukapings má vera helmingi styttri en til Skíðapings. Fulltrúar á aukapingi eru þeir sömu og voru á síðasta Skíðapingi og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem eru forfallaðir. Á aukapingi má ekki gera laga- eða reglugerðabreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn, hafi meirihluti kjörinnar aðalstjórnar sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og Skíðaping.

III. STJÓRN OG NEFNDIR

10. **grein - Stjórn SKÍ**

Stjórn SKÍ skipa sjö manns sem kosnir eru á Skíðapingi til tveggja ára.

Skipan og hlutverk stjórnar skal vera eftirfarandi:

1. Formaður sem kosinn er sérstaklega

Aðrir stjórnarmenn skipta með sér verkum sem hér segir:

2. Varaformaður
3. Ritari
4. Gjaldkeri
5. Meðstjórnandi

Kjósa skal fyrsta, annan og þriðja varamann til tveggja ára og skulu þeir taka sæti í stjórn í sömu röð og þeir eru kosnir. Taki varamaður sæti í stjórn í stað aðalmanns skal hann sitja út kjörtímabilið.

11. **grein - Stjórnin annast rekstur SKÍ milli skíðapinga.**

Mál teljast einungis samþykkt, greiði meirihluti stjórnar því atkvæði sitt.

12. **grein - Stjórn SKÍ** skal á hverju hausti boða formenn skíðaráða og skíðafélaga/-deilda ásamt öðrum fulltrúa til formannafundar. Verkefni fundarins er að kynna mótaskrá, fara yfir samþykktir síðasta Skíðapings og undirbúa starf komandi vetrar. Á því ári sem ekki er skíðaping skal stjórn SKÍ boða til málþings um stöðu og málefni skíðahreyfingarinnar.13. **grein - Starfssvið fastanefnda.** Nefndir skulu koma saman eigi síðar en 30 dögum eftir skíðaping og kjósa sér formann og skipta með sér verkum.

Að öðru leyti starfa þær samkvæmt fjárhagsáætlun og erindisbréfi frá stjórn SKÍ.

IV. ÖNNUR ÁKVÆÐI

14. **grein - Öll ágreiningsmál** er upp kunna að koma innan íþróttarinnar skal farið með samkvæmt kafla 4, í lögum ÍSÍ um dómstóla ÍSÍ, eftir því sem við á. Dómstólar ÍSÍ fara með mál sem upp kunna að koma innan SKÍ. Mál vegna meintrar lyfjamisnotkunar íþróttamanna skal farið með skv. gildandi lögum og reglugerðum ÍSÍ um lyfjaeftirlit. Lyfjaeftirlit er í höndum Lyfjanefndar ÍSÍ.
15. **grein - Tillögur um að leggja SKÍ niður** má aðeins taka fyrir á lögmati skíðapingi. Til samþykktar slíkrar tillögu þarf minnst $\frac{3}{4}$ hluta atkvæða. Hafi slík tillaga verið samþykkt skal gera öllum sambandsaðilum grein fyrir henni í þinggerð. Tillagan skal síðan látin ganga til næsta reglulega þings. Verði hún þá samþykkt þar í annað sinn er það fullgild ákvörðun um að SKÍ skuli lagt niður. Sé SKÍ þannig löglega slitið skal afhenda ÍSÍ eignir þess til varðveislu.
16. **grein - Gildistaka.** Lög þessi öðlast þegar gildi eftir samþykkt þeirra og staðfestingu framkvæmdastjórnar ÍSÍ, og falla þá eldri lög úr gildi.
17. Bráðabirgðarákvæði.
Laga og reglugerðarnefnd leggur til að kosið sé eftir þessum lögum á Skíðapingi 2013. Komi til þess að framkvæmdastjórn ÍSÍ staðfesti ekki lagabreytingar samanber 16. gr. þessarra laga og b. lið gr. 5.2. í lögum ÍSÍ skal kalla saman auka Skíðaping þar sem fram fer kosning samkvæmt eldri lögum.

ÞINGSKJAL nr. 4

Laga og reglugerðarnefnd Skíðasambands Íslands leggur til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á Reglugerð um Andrésar Andar leikana, Akureyri

1. Framkvæmdanefnd Andrésar Andar leikanna skal halda skíðamót ár hvert á Akureyri fyrir börn 15 ára og yngri.

~~3. Stjórn SKÍ skipar eftirlitsmenn í alpa bretta og skíðagöngugreinum. Þeir skili stjórn SKÍ skýrslu um framkvæmd mótsins að auki í dómnefnd verði leikstjóri í hverri grein auk aðkomufararstjóra. Framkvæmdarnefnd skili stjórn SKÍ einnig skýrslu~~

~~3.4.~~

- 4.5. Keppa skal í eftirtöldum greinum:

Alpgreinar drengir og stúlkur

Skíðaganga drengir og stúlkur

Svig eða leikjabraut	7 ára og yngri	Skíðaganga (H)	7 ára og yngri	1,0 km
Svig	8 ára	Skíðaganga (H)	8 ára	1,0 km
Svig	9 ára	Skíðaganga (H)	9 ára	1,5 km
Svig	10 ára	Skíðaganga (H)	10 ára	2,0 km
Svig	11 ára	Skíðaganga (H)	11 ára	2,5 km
Svig	12 ára	Skíðaganga (H)	12 ára	3,0 km
Svig	13 ára	Skíðaganga (H)	13 ára	5,0 km
Svig	14 ára	Skíðaganga (H)	14 ára	5,0 km
Svig	15 ára	Skíðaganga (H)	15 ára	5,0 km
Stórsvig	7 ára og yngri	Skíðaganga (F)	7 ára og yngri	1,0 km
Stórsvig	8 ára	Skíðaganga (F)	8 ára	1,0 km
Stórsvig	9 ára	Skíðaganga (F)	9 ára	1,5 km
Stórsvig	10 ára	Skíðaganga (F)	10 ára	2,0 km
Stórsvig	11 ára	Skíðaganga (F)	11 ára	2,5 km
Stórsvig	12 ára	Skíðaganga (F)	12 ára	3,0 km
Stórsvig	13 ára	Skíðaganga (F)	13 ára	5,0 km
Stórsvig	14 ára	Skíðaganga (F)	14 ára	5,0 km
Stórsvig	15 ára	Skíðaganga (F)	15 ára	5,0 km
Brettagreinar drengir og stúlkur				
Brettastíll(slopestyle)	7 ára og yngri	Brettakross(boardercross)	7 ára og yngri	
Brettastíll(slopestyle)	8 ára	Brettakross(boardercross)	8 ára	
Brettastíll(slopestyle)	9 ára	Brettakross(boardercross)	9 ára	
Brettastíll(slopestyle)	10 ára	Brettakross(boardercross)	10 ára	
Brettastíll(slopestyle)	11 ára	Brettakross(boardercross)	11 ára	

Brettastíll(slopestyle)	12 ára	Brettakross(boardercross)	12 ára
Brettastíll(slopestyle)	13 ára	Brettakross(boardercross)	13 ára
Brettastíll(slopestyle)	14 ára	Brettakross(boardercross)	14 ára
Brettastíll(slopestyle)	15 ára	Brettakross(boardercross)	15 ára

~~5.~~—7. Öll störf við framkvæmd Andrésar Andar leikana skulu unnin án endurgjalds. Ber nefndin engan kostnað af starfsmönnum mótsins ~~annan en kostnað eftirlitsmanna.~~

5.

Rökstuðningur:

Eftir aldursflokkabreytingar FIS ákvað Skíðafélag Akureyrar bæta við keppni í flokki 15 ára jafnframt hefur verið bætt við keppni í brettageinum bæði Brettastíl og Brettakrossi þar af leiðandi er það rökrétt að reglugerðin verði uppfærð í samræmi við það. Lagt er til að risasvig verði tekið út þar sem ekki hefur verið keppt í þeirri grein og nánast engin dæmi um að iðkendur æfi þá grein.

ÞINGSKJAL nr. 6

Laga og reglugerðarnefnd Skíðasambands Íslands leggur til samþykkt verð ný reglugerð um keppnishald SKÍ

Reglugerð um keppnishald SKÍ

1. Allt keppnishald í alpa-, ~~bretta~~-og skíðagöngugreinum skal fara fram eftir reglum Alþjóða Skíðasambandsins (FIS) nema annað sé tekið fram í lögum eða reglugerðum SKÍ.
2. Boð í mót skulu send öllum aðildarfélögum og stjórn SKÍ bréflaga samkvæmt reglum ÍSÍ. Þar skal koma fram: Upplýsingar um mótsstjórn, farastjórafund, dagskrá og verðlaunaafhendingu ásamt mögulegu æfingasvæði. ~~Einnig upplýsingar um gistingu, fæði, ferðir til og frá flugvelli og keppnisstað.~~
3. Mótshöldurum bera að senda innan tímamarka mótanefndar SKÍ „Gátlista mótshaldara“ með umbeðnum upplýsingum. Ef gátlisti berst ekki til mótanefndar innan tilsetts tíma er mótanefnd heimilt að flytja mótið á annan mótsstað.
4. ~~Keppni skal fara fram í brautum viðurkenndum af SKÍ. Sé það ekki hægt af óviðráðanlegum ástæðum, skal leitað samþykkis stjórnar SKÍ og brautarstæði valið í samráði við eftirlitsmann SKÍ. Uppfylla skal kröfur um fallhæð. Brautir skulu harðtroðnar og sléttaðar. Frystiefni skal ávallt vera til staðar (hitastig breytist oft snögglega).~~
5. Sé ekki hægt að halda mótið á fyrirhuguðum stað skal það tilkynnt SKÍ með viku fyrirvara og mun SKÍ þá setja mótið á ~~annan þann stað sem fært er~~ varastað. Varastaðir eru allir þeir staðir sem hafa sótt um mót á því keppnistímabili.
6. Keppendur, fararstjórar og þjálfarar skulu hafa ókeypis aðgang að lyftum meðan mótið stendur yfir, þ.m.t., upphitun og skoðun brauta.
7. Keppendur skulu hafa aðgang að húsaskjólum á mótsstað.
8. Björgunarsveit/sjúkravakt skal vera á mótinu.
9. Verðlaunaafhending skal fara fram strax að mótinu loknu (ath. brottfarartíma flugvéla). Mælt er með að kalla upp alla verðlaunahafa samtímis til að koma í veg fyrir truflandi hlaup fram og til baka.
10. Tilkynna skal úrslit strax að móti loknu. Æskilegt er að hafa ljósmyndara á mótinu sem geta verið tilbúnir með myndir strax. Úrslitin skulu send fjölmiðlum án tafar og góðar myndir vekja athygli á mótinu og íþróttinni. Skýrslur skulu sendar SKÍ í mótslok.

11. Að öðru leiti gilda móta og keppnisreglur FIS og ÍSÍ.

Rökstuðningur: Nauðsynlegt er að til sé reglugerð sem segir til um eftir hverju skuli farið varðandi almennt keppnishald á vegum SKÍ í öllu greinum. Reglugerðinni er ætlað að setja allar keppnisgreinar SKÍ undir sömu keppnisreglur þ.e. FIS og ÍSÍ nema annað sé tekið fram í lögum eða reglugerðum SKÍ. Reglugerðin er byggð að stórum hluta á eldir reglugerð sem hét „Til mótshaldara í alpagreinum“ sem mun falla niður ef þessi reglugerð verður samþykkt.

ÞINGSKJAL nr. 7

Laga og reglugerðarnefnd Skíðasambands Íslands leggur til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á Reglugerð um bikarkeppni SKÍ í alpagreinum.

Núverandi grein er:

- ~~1. Bikarmót fullorðinna í svigi og stórsvigi skulu haldin fjórum sinnum á ári. Halda skal þrjú (3) bikarmót unglunga 13-14 ára og þrjú (3) bikarmót 15-16 ára, auk meistaramóts 3. bestu mót í svigi og 3 bestu mót í stórsvigi koma til útreiknings til bikarmeistara einstaklinga. Í flokki 17-19 ára og í flokki fullorðinna koma 4 bestu mót í svigi og 4 bestu mót í stórsvigi til útreiknings til bikarmeistara einstaklinga.~~
- ~~2. Umsóknir um bikarmót skulu berast SKÍ fyrir 15. apríl. Ofangreind mót skulu vera opin öllum aðilum sem eiga aðild að SKÍ og með gild keppnisleyfi. Í leikskrá og skýrslum þessara móta skal tilgreina hvaða félag eða byggðarlag keppandi keppir fyrir. Umsóknir um FIS-mót í héraði önnur en bikarmót (sem eru FIS-mót) skulu berast stjórn SKÍ fyrir 15. apríl ár hvert.~~
